

✉ Re: 2212016 - Umsagnarbeiðni, Útey 2 L167648, Mýrarskógur og Eyjavegur, breyttir landnotkunarflokkar, aðalskipulagsbreyting

Búið til	3.5.2023 17:54:01
Höfundur	Borgný Katrínardóttir
Sent	3.5.2023 17:53:59
Tilheyrir	📁 202304-0019 - Umsagnarbeiðni, Útey 2, Mýrarskógur og Eyjavegur, breyttir landnotkunarflokkar, aðalskipulagsbreyting

Efni

Re: 2212016 - Umsagnarbeiðni, Útey 2 L167648, Mýrarskógur og Eyjavegur, breyttir landnotkunarflokkar, aðalskipulagsbreyting

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	3.5.2023 17:53:59	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Borgný Katrínardóttir - NI (Borgny.Katrinardottir@ni.is)
Til	solveig@utu.is

Innihald

<p>Góðan daginn,</p> <p>Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:</p> <p>-----</p> <p>Tilvísun í mál nr. 202304-0019 (BK,OKV)</p> <p>Vísað er til tölvubréfs frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, dags. 14. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag í landi Úteyjar 2 í Bláskógabyggð.</p> <p>Um er að ræða breytingu á landnotkun úr frístundahúsasvæði yfir í landbúnaðarsvæði vestan Laugarvatnsvegar þar sem tiltekin svæði eru ekki talin henta undir frístundabyggð vegna votlendis og nálægðar við veg. Einnig skipulag nýrra svæða vestan og austan vegarins í stað þeirra svæða sem leggjast af. Heildarflatarmál nýrra byggða er 13 ha stærra en svæðin sem leggjast af.</p> <p>Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:</p>

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellsheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands og er þá miðað við að um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum. Umrætt svæði er einnig það dreifibýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem stöðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast t.d. ekki í skóglendi.

Á fyrirhuguðu nýju frístundasvæði vestan Laugarvatnsvegjar eru ríkjandi vistgerðir annars vegar víðikjarrvist sem hefur mjög hátt verndargildi, og hins vegar língresis- og vingulsvist sem hefur hátt verndargildi. Á svæðinu má einnig búast við töluverðu fuglalífi. Svæðið er þó lítið og verndargildi þess hefur verið rýrt með öðrum nærliggjandi frístundabyggðum sem munu koma til með að umkringja svæðið að mestu.

Austan Laugarvatnsvegjar eru fyrirhuguð þrjú aðskilin frístundahúsasvæði. Annað 3 ha svæðið liggur við Eyjaveg og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) (<https://vistgerdakort.ni.is/>) er þar birkiskógur en á loftmynd sést að um er að ræða runnaríka, framræsta mýri.

Umhverfi hinna svæðanna tveggja (20 ha og 3 ha) einkennist af heillegu votlendi sem fellur að hluta til undir 61 gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013 um sérstaka vernd (<https://serstokvernd.ni.is/>) (<https://serstokvernd.ni.is/>). Votlendið í kringum Ósholt hefur verið kílræst að hluta en ber þó enn einkenni votlendis. Þar er m.a. að finna vistgerðirnar starungsmýravist og gulstararflóavist sem báðar hafa mjög hátt verndargildi (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016). Þar sem votlendið er grasgefnara er grasengjavist ríkjandi vistgerð en hún hefur hátt verndargildi. Allar hafa þessar vistgerðir mikinn kolefnisforða í jarðvegi, einkum mýravistgerðirnar. Á mólendisholtum og þurrari svæðum eru ýmsar mólendisvistgerðir. Algengust er fjalldrapamóavist sem, ásamt starmóavist, hefur miðlungs verndargildi. Einnig er þar lyngmóavist á láglandi og grasmóavist sem báðar hafa hátt verndargildi.

Saman myndar votlendið og mólendið lítið raskaða heild á láglandinu upp af Apavatni. Fyrirhuguð frístundabyggð nær bæði yfir mólendi og votlendi og leggja þarf veg frá Eyjavegi inn í hverfið þar sem ætlunin er að fyrirhugaðar frístundabyggðir rísi. Votlendissvæðum á Suðurlandi hefur almennt mikið verið raskað vegna framræslu og byggðar. Talið er að á Suðurlandi sé einungis um 3% upprunalegs votlendis enn eftir lítt raskað (Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 1998). Hér er því um að ræða afar verðmætt land vegna votlendisvistgerða sem liggja að stöðuvatni á láglandi Suðurlands. Þá er hverfisvernd í gildi fyrir Lómatjörn og næsta nágrenni norður af Ósholti þar sem áhersla er á að vernda votlendi, gróður og fuglalíf og lágmarka áhrif mannvirkja. Á Suðurlandi hefur einnig verið gengið mjög mikið á mólendi með frístundabyggðum og skógrækt og því orðið brýnt að vernda þau heillegu svæði sem eftir eru. Mólendi er til að mynda mikilvægasta búsvæði heiðlóu.

Lilja Jóhannesdóttir og félagar (2014) könnuðu þéttleika mófugla í algengustu vistlendum Suðurlands og reyndist þéttleiki að meðaltali 640 fuglar á km² í votlendi og 481 fugl í ríku mólendi (e. rich heathland). Það má þá reikna með að þéttleiki fugla við Apavatn sé mjög hár og miðað við framangreindar tölur þá gætu >100 fuglar átt sér búsvæði á þessum tveimur skipulagssvæðum austan Laugarvatnsvegjar. Þá ber að hafa í huga jaðaráhrif ýmissa mannvirkja sem og hás trjágróðurs (sem gjarnan fylgir frístundabyggðum) á þéttleika vaðfugla sem lýsir sér þannig að þéttleiki þeirra er lægri nær þessum einkennum í umhverfinu en fjær (Tómas Grétar Gunnarsson 2020).

Náttúrufræðistofnun setur sig ekki upp á móti nýju 3 ha frístundahúsasvæði vestan Laugarvatnsvegjar, þar sem um er að ræða tiltölulega lítið svæði sem er innan fyrirbyggjandi frístundabyggðar, né 3 ha svæðinu sem liggur við Eyjaveg enda ber það töluverð merki rasks.

Stofnunin vill þó eindregið hvetja til þess að hugmyndir um frekari uppbyggingu austan Laugarvatnsvegjar verði endurskoðaðar. Þar er um að ræða heillega mósaik votlendis og mólendis sem verður raskað og brotin upp með fyrirhuguðum framkvæmdum. Er það þvert á landskipulagsstefnu þar sem stefnan er að ganga ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða náttúruverndar. Þarna ætti betur við að stækka hverfisverndarsvæðið til að ná utan um meira af lítt röskuðu svæði þar sem finna má verðmætar vistgerðir og ríkt fuglalíf. Þá skal bent á að 50 m mörk á milli mannvirkja og vatns eru ófullnægjandi til að tryggja viðunandi fuglavernd og ættu mörkin að vera a.m.k. 100 m.

Að lokum skal ítrekuð ábending Náttúrufræðistofnunar um mikilvægi þess að sveitarfélög á Suðurlandi marki sér stefnu um verndun búsvæða vaðfugla til að tryggja viðunandi verndarstöðu þessara tegunda til framtíðar, m.a. með því að leggja mat á samlegðaráhrif ólíkra framkvæmda og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif þeirra á vaðfuglastofna.

Heimildir:

Jóhannesdóttir, L., Arnalds, Ó., Brink, S., & Gunnarsson, T. G. 2014. Identifying important bird habitats in a sub-arctic area undergoing rapid land-use change. *Bird Study*, 61, 544–552.

Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Ásrún Elmarsdóttir, Sigmar Metúsalemsson og Hans H. Hansen 2016. Vistgerðir á landi. Í Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi, bls. 17–169. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Póra Ellen Þórhallsdóttir, Jóhann Þórsson, Svafa Sigurðardóttir, Kristín Svavarsdóttir og Magnús H. Jóhannsson 1998. Röskun votlendis á Suðurlandi. Í: Íslensk votlendi – verndun og nýting, bls. 131-142. Háskólaútgáfan.

Bestu kveðjur
Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, náttúruverndarsvið / Biologist, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)

From: "Sólveig Olga Sigurðardóttir" <solveig@utu.is>
To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "blaskogaveita@blaskogabyggd.is" <blaskogaveita@blaskogabyggd.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "ba@babubabu.is" <ba@babubabu.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "uggi@minjastofnun.is" <uggi@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Viðskiptaver RARIK" <rarik@rarik.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>

CC:

Subject: 2212016 - Umsagnarbeiðni, Útey 2 L167648, Mýrarskógur og Eyjavegur, breyttir landnotkunarflokkar, aðalskipulagsbreyting

Date: 14.4.2023 09:21:11

Góðan dag

Hér með er óskað eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag í landi Úteyjar 2 í Bláskógabyggð.

Skipulagslýsingin er í kynningu frá 04.04.-03.05.2023.

*Með kveðju,
Sólveig*

Sólveig Olga Sigurðardóttir
Ritari skipulagsfulltrúa

Dalbraut 12, 840 Laugarvatni

Netfang: solveig@utu.is (<mailto:solveig@utu.is>)

Veffang: <https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.utu.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Ced92362a91134d30a16d08db3cc98b2b%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638170608711670695%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C&sdata=aEi7rx%2Fp9EiB8h3%2BpFY7ttj4Sc5Wx5nPga8GbbH2OIU%3D&reserved=0>)

Kortasjá Suðurlands: <https://www.map.is/sudurland/> (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.map.is%2F%2Fsudurland%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Ced92362a91134d30a16d08db3cc98b2b%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638170608711670695%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C&sdata=xRTtjVEi9IXOtYM4%2FGsvbcEDAsloLnl7OLDS79%2FHLmg%3D&reserved=0>)

<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.map.is%2F%2Fsudurland%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Ced92362a91134d30a16d08db3cc98b2b%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638170608711670695%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C&sdata=xRTtjVEi9IXOtYM4%2FGsvbcEDAsloLnl7OLDS79%2FHLmg%3D&reserved=0>

Náðu þér í island.is – appið (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.island.is%2Fapp&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Ced92362a91134d30a16d08db3cc98b2b%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638170608711670695%7CUnkno wn%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljo iMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6I k1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000 %7C%7C%7C&sdata=92KphiPCmhVlj2RxcgysnMxpDCEPjtse1P5yJsnVON8%3D&reserved=0>)

